

Sp.

44. Tillaga til þingsályktunar

[33. mál]

um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana.

Flm.: Alfreð Gíslason, Pétur Ottesen, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Árið 1946 flutti Skúli Guðmundsson ályktunartillögu á Alþingi um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins o. fl. Í greinargerð, er fylgir tillögunni, segir svo m. a.: „Flestir æðstu valdamenn hér á landi, sem halda veizlur á kostnað ríkisins, hafa þar vín á boðstólum handa gestum sínum. Munu þeir telja, að eigi sé sæmilegt að halda slíkar veizlur eða samkvæmi án þess að áfengir drykkir séu þar á boðstólum. Þó má finna dæmi þess, að veizlur hafa verið haldnar, án þess að áfengi væri veitt. Má þar nefna hátíðarveizlu ríkisins á Þingvöllum árið 1930, sem þáverandi forsætisráðherra, Tryggvi Þórhallson, veitti forstöðu. Það dæmi ælti að nægja til að sanna, að þau samkvæmi, sem haldin eru án vínveitinga, eru virðulegust og með mestum menningarbrag.

Hér er lagt til, að hætt verði með öllu að veita áfengi á kostnað ríkisins og ríkisstofnana, þar sem vínveitingar af hálfu þeirra aðila verða að teljast óviðeigandi. Ef æðstu embættismenn og valdamenn í þjóðfélaginu hætta að veita vín í veizlum og samkvæmum, má vænta þess, að margir aðrir taki sér þá til fyrirmyndar í því efni, og gæti sú ákvörðun þannig haft allviðtæk áhrif í þá átt að draga úr áfengisneyzlu.

Þessi tillaga mun ekki hafa fengið neina endanlega afgreiðslu.

Ári síðar fluttu þeir Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson og Páll Þorsteinsson tillögu sama efnis, og fór eins um afgreiðslu hennar. Enn var sama mál flutt í tillöguformi árið 1949 og með sama árangri. Voru flutningsmenn í það skipti Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nú er hér enn einu sinni lagt til, að áfengisveitingum á kostnað ríkisins verði hætt með öllu. Um rökstuðning nægir að vísa til þess, sem um getur í greinargerð Skúla Guðmundssonar. Leggja flutningsmenn megináherzlu á gildi fordæmisins í þessu máli. Ef Alþingi, ríkisstjórn og ríkisstofnanir legðu niður áfengisveitingar í samkvæmum sínum, þá skapaðist fordæmi, sem án efa mundi hafa viðtæk áhrif til góðs. Slík ráðstöfun mundi hvarvetna mælast vel fyrir. Bæjarfélög mundu sennilega skjótt taka upp sama sið og síðan félög og einstaklingar feta í sömu spor að meira eða minna leyti. Skemmtanalífi er nú um of spillt með áfengisneyzlu, eins og alkunna er, og því er góðs fordæmis æðstu manna brýn þörf.

Öllum þorra landsmanna mun hafa fallið vel í gerð sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar 17. júní s. l. að veita ekki áfengi í gestaboði því, er hún efndi til þann dag. Þetta nýmæli vakti athygli, og var um það rætt og ritað. Komst eitt dagblaðanna m. a. svo að orði í tilefni þess:

„Það, sem þjóðin væntir af forustumönnum sínum, er ekki sízt forganga um nýja og betri siði. Rétt spor var stigið í þessa átt af hálfu ríkisstjórnarinnar 17. júní. Nú er það hennar og forseta Íslands að fylgja þessu máli enn betur fram og fara helzt alveg að dæmi Tryggva Þórhallssonar.“

Að því er stefnt með flutningi þessarar tillögu.